

Miðvikudaginn 20. október 1982.

Nr. 71/1982. **Ákærvaldið**  
 (Þórður Björnsson ríkissaksóknari)  
 gegn  
**Herði Sævari Símonarsyni**  
 (Jón Oddsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Magnús Thoroddsen og Guðmundur Jónsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 15. mars 1982, og er málinu áfrýjað til þyngingar.

Ágrip barst Hæstarétti 29. apríl 1982.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að héraðsdómur verði staðfestur, þó þannig, að refsing ákærða verði þyngd. Þá er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin hæfileg sak-sóknarlaun í ríkissjóð.

Af hálfu ákærvalds eru felldar niður úr ákæru tilvitnanir í áfengislög nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Verjandi krefst þess aðallega, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákærvalds, en til vara, að honum verði einungis gerð vægasta refsing, er lög frekast heimila. Í báð-um tilvikum er gerð krafa til málsvarnarlauna til skipaðs verjanda.

Með bréfi til yfirsakadómara, dags. 24. september 1982, óskaði ríkissaksóknari eftir því, að frekari yfirheyrslur færu fram í máli þessu. Fór sú framhaldsrannsókn fram í saka-dómi Reykjavíkur 8. október 1982. Vitnið Sigurgeir Arnþórsson lögreglumaður, sem gaf frumskýrslu í máli þessu, kom þá fyrir dóminn og bar m. a., að hann myndi ekkert eftir málsatvikum. Vitnið Kristján Kristjánsson, fyrrverandi lög-reglumaður nr. 101, sem stóð að handtöku ákærða ásamt Sigurgeiri Arnþórssyni lögreglumanni, bar fyrir sakadómi

sama dag, að hann myndi lítillaga eftir máli þessu. Hann kvað sig minna, að ákærði hefði sagst hafa drukkið pilsner, og hafi hann fundið áfengislykt af ákærða. Því hafi þótt ástæða til að taka öndunarsýni af ákærða. Vitnið kvaðst ekki hafa séð önnur merki áfengisdrykkju á ákærða.

Vitnið Rúnar Þór Pétursson bar m. a. fyrir sakadómi nefndan dag, að það þekkti ákærða. Vitnið kvaðst hafa verið stanslaust undir áhrifum áfengis og lyfja á tímabilinu september 1981 til janúar 1982. Því myndi það ekki sérstaklega eftir aðfaranótt laugardagsins 4. október 1981. Vitnið kvaðst tvívegis hafa sest upp í bifreið hjá ákærða á þessum tíma og hafi ákærði í bæði skiptin verið „bláedrú“.

Ákærði bar í sakadómi m. a. greindan dag, að vitnið Rúnar Þór Pétursson hefði verið einn þeirra féлага, er ákærði hefði ekið heim aðfaranótt 4. október 1981, en kvaðst ekki vita, hverjir aðrir hefðu verið í bifreiðinni, enda ekki þekkt þá.

Ákærði kvaðst halda fast við það, að hann hefði ekki fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, enda hafi hann ekki drukkið annað en pilsner og maltöl, eins og hann hafi skýrt frá hjá varðstjóra.

Ákærði gaf þá skýringu á framburði sínum hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík 22. október 1981, að hann hefði verið illa fyrirhallaður vegna undanfarandi áfengisneyslu og til þess að losna úr yfirheyrslunni hafi hann viðurkennt að hafa neytt áfengis skömmu fyrir aksturinn.

Lögreglumaðurinn Sigurgeir Arnþórsson ber í skýrslu sinni 4. október 1981, að áfengisþef hafi lagt frá vitum ákærða, er hann var stöðvaður framangreinda nótt. Í skýrslu Magnúsar Aðalsteinssonar lögregluvarðstjóra sömu nótt segir, að lagt hafi lítils háttar áfengisþef af andardrætti hans og að ákærði hafi viðurkennt að hafa neytt áfengis, en síðar í skýrslunni er haft eftir ákærða, að það hafi verið pilsner og maltöl. Hinn 22. október 1981 bar ákærði fyrir Gísla M. Garðarssyni rannsóknarlögreglumanni, að hann hefði neytt áfengis um það bil tveimur klukkustundum áður en lögreglan stöðvaði hann framangreinda nótt. Kvað ákærði magn

Þessa áfengis hafa verið „einn tvöfaldur brennivín og sjúss úr gosdrykkjarflösku“.

Samkvæmt alkóhólrannsókn reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 1.22‰.

Ákærði hefur staðfastlega neitað að hafa neytt áfengis eftir aksturinn.

Þegar virtur er framburður ákærða, sem hefur verið mjög óstöðugur, svo og alkóhólmagn í blóði hans, sem var 1.22‰, þá er sannað lögfullri sönnun, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali. Sök hans þykir rétt færð í ákæruskjali til refsíákvæða í umferðarlögum nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Svo sem í héraðsdómi er getið, hefur dómssáttin frá 20. mars 1980 ítrekunaráhrif á brot ákærða, sem hér er fjallað um.

Ákærði hefur með framangreindri háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald 15 daga. Þar sem hér er um ítrekað brot að ræða af hálfu ákærða, ber samkvæmt 81. gr. umferðarlaga að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá 22. október 1981 að telja, en þann dag var hann sviptur ökuréttindum til bráðabirgða, svo sem í héraðsdómi greinir.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls kostnaðar við áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 3.500.00 krónur.

#### D ó m s o r ð :

Ákærði, Hörður Sævar Símonarson, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu ákærða og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málasvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir

Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns,  
3.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. mars 1982.

Ár 1982, miðvikudaginn 3. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinsyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 73/1982: Ákærvaldið gegn Herði Sævari Símonarsyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 2. desember sl., á hendur ákærða, „Herði Sævari Símonarsyni verkamanni, Þingholtsstræti 25, Reykjavík, fæddum þar í borg 27. mars 1942, fyrir að aka aðfaranótt laugardagsins 4. október 1981 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 24157 frá veitingahúsinu Glæsibæ við Álfheima í Reykjavík vestur í bæ, þar sem lögreglan stöðvaði akstur ákærða við Melatorg.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðru því, sem fram er komið í málinu:

Laugardaginn 4. október sl., um kl. 0445, var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um undarlegan akstur bifreiðarinnar R 24157. Lögreglumenn veittu bifreiðinni athygli, er henni var ekið norður Suðurgötu, og var aksturinn stöðvaður við Melatorg. Við yfirheyrslu hjá varðstjóra kvaðst ákærði, sem var ökumaður bifreiðarinnar, einungis hafa drukkið eina flösku af pilsner og eina af maltöli. Öndunarsýni sýndi III. stig, og samkvæmt lýsingu í varðstjóraskýrslu var andlit ákærða þrútið, fatnaður velktur og augu vot og dauf. Að öðru leyti voru ekki sjáanleg áfengisáhrif á ákærða.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 22. október sl. kvaðst ákærði hafa, um tveimur klukkustundum áður en lögreglan stöðvaði akstur hans, drukkið í veitingahúsinu Glæsibæ einn tvöfaldan brennivín og sjúss úr gosdrykkjarflösku.

Ákærði kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, og ekki neytti hann áfengis, eftir að akstri lauk.

Í þágu rannsóknar málsins var ákærða tekið blóð til alkóhól-rannsóknar af Ólafi Bjarnasyni lækni kl. 0520 sama morgun. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 1.22‰.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar og eigin játningu ákærða um áfengisneyslu, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsí-ákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum refsingum:

- 1965 18/12 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot gegn 217. gr. og 244. gr. hegningarlaga.
- 1966 26/1 í Reykjavík: Dómur: 1 mánaðar fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot gegn 254. gr. hegningarlaga (hegningarauki).
- 1967 23/11 í Reykjavík: Dómur: 7 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.
- 1968 13/3 í Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga (hegningarauki).
- 1968 24/5 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga, en refsing ekki dæmd.
- 1969 16/5 í Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga.
- 1969 25/6 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1969 25/9 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. og 248. gr. hegningarlaga.
- 1971 7/5 í Reykjavík: Dómur: 1 árs fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1973 20/12 í Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1976 29/1 í Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1977 29/12 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 217. gr. hegningarlaga. Ekki gerð sérstök refsing.
- 1980 20/3 í Reykjavík: Sátt, 150.000 kr. sekt fyrir brot gegn

25. gr., 37. gr. og 46. gr. umferðarlaga. Sviptur öku-  
leyfi í 12 mán. frá 25/1 1980.

Auk þess hefur ákærði 67 sinnum sæst á sektargreiðslur fyrir  
ölvun, 1 sinni fyrir brot gegn lögum nr. 73/1952 og 1 sinni fyr-  
ir brot gegn 217. gr. alm. hegningarlaga.

Dómssáttin frá 20. mars 1980 hefur samkvæmt 71. gr. almennra  
hegningarlaga ítrekunaráhrif á brot ákærða, sem hér er fjallað  
um.

Ákærði hefur með greindri háttsemi sinni unnið sér til refs-  
ingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og 33. gr. áfengislaga.  
Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 6.000.00 króna sekt til ríkis-  
sjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en  
ella sæti ákærði varðhaldi í 15 daga.

Svipta ber ákærða ökuréttindum, svo sem krafist er í ákæru-  
skjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir. Þar sem  
um ítrekað brot er að ræða af hálfu ákærða, ber að svipta  
ákærða ökuréttindum ævilangt frá 22. október 1981 að telja, en  
þann dag var ákærði sviptur ökuréttindum til bráðabirgða. Áfrýj-  
un frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Þá ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um  
meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað.

#### Dómsorð:

Ákærði, Hörður Sævar Símonarson, greiði 6.000.00 króna  
sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms-  
ins, en sæti ella varðhaldi í 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá 22. október  
1981 að telja.

Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.